

Samgönguráðuneyti
Eiríkur Bjarnason
Tryggvag Hafnarhúsi
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. desember 2008
Tilvísun: UST20081000094/lbh

Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025

Vísað er til erindis samgönguráðuneytis dags. 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025. Breytingin felur í sér að stjórnsýslumörkum Keflavíkurflugvallar er breytt gagnvart Sandgerðisbæ, sbr. lög nr. 176/2006 og reglugerð nr. 38/2007 um að hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli skuli tekinn í borgaraleg not.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Náttúruminjar

Á skipulagssvæðinu er svæði á náttúruminjaskrá nr. 107 en þar segir:

107. Ósar, Reykjanesbæ (áður Hafnahr.), Sandgerði (áður Miðneshr.), Gullbringusýslu. (1) Vogurinn með strandlengju, fjörum og grunnsævi austan linu sem dregin er á milli Hafna og Þórshafnar. (2) Mikið og sérstætt botndýralif, fjölbreyttar fjörur, vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda.

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025 er svæðið á náttúruminjaskrá ekki inni á aðalskipulagstillöggunni. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð gr. 4.19.2 nr. 400/1998 skal auðkenna og gera grein fyrir náttúruverndarsvæðum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum.

Vatnsvernd

Í gr. 4.21.1 skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 kemur fram að í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir og flokka verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Einnig að gera grein fyrir og flokka verndarsvæði vatnsbóla. Umhverfisstofnun telur að ekki sé hægt að fella niður vatnsverndarsvæði þrátt fyrir að þess svæðis sem skipulagstillagan nær yfir er öll landnotkun innan verði felld niður.

Sorpförgunarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð gr. 4.10.2 nr. 400/1998 skal gera grein fyrir svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er förgun á sorpi. Jafnframt skal í deiliskipulagi gera grein fyrir þeirri sorpförgun sem fram hefur farið og frágangi svæðis að notkun lokinni.

Virðingarfallst

~~Linda Björk Hallgrímsdóttir~~
Linda Björk Hallgrímsdóttir
sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun